

hékk á stóra trénu. Þannig komst það til bæjarins með hinum trjánum.

Fátæka konan gekk yfir torgið, þar sem trén voru boðin fram til sölu. Hún óskaði sér þess, að hún ætti lítið tré handa drengnum sínum. En hún stundi og hugsaði með sér: „Eg verð að kaupa það, sem nauðsynlegt er, fyrir peningana mína. Um slíkt má eg ekki hugsa. En bara eg hefði eina grein handa barninu mínu!“

Margir, sem vildu kaupa, stóðu nú í kring um trén. Fátæka konan var í þann veginn að fara, þegar maður kemur, sem keypt hafði tréð, og hékk litla tréð um greinarnar á því. Maðurinn sagði hlajandi: „Það fékk eg í kaupbæti.“ Losar svo um það og fleygir því á jörðina. Fátæka konan tekur það óðar upp og segir: „Gefðu mér það handa drengnum mínum!“

„Taktu það!“ var svarið. „Þú hefir víst ekki mikið til að láta á það.“

Rétt þar hjá stóð móðir með drenginn sinn. Hún bar á handleggnum stóra tösku með kertum í og allra handa sætindum. Hún heyrði konuna mæla fyrir munni sér: „Guð hefir gefið mér þetta tré. Eg hef einhver ráð til þess að kaupa kerti á það.“

„Hér er ofurlítið á tréð þitt,“ sagði móðirin, og fékk konunni kerti, rauð og blá og græn, og ögn af sætindum. „Það verður nóg eftir samt á tréð okkar.“

Ekkert af hinum trjánum háu og fögru gladdi jafn-mikið og tréð þetta litla og væskilslega. Og ervitt er að segja, hvort hafi orðið glaðara móðirin eða drengurinn. Móðirin þakkaði guði með fagnaðar-tárum. Drengurinn hrópaði upp yfir sig af gleði, lagði saman hendurnar og sagði: „Góða barnið Jesú! Aldrei skal eg gleyma þér!“

Gleðin þeirra var heldur ekki eins skamm-góð og gleðin, sem hin trén veittu. Því litla tréð hafði verið dregið upp með rótum. Móðirin gróðursetti það í stórum, sprungnum jurta-potti. Og það stóð lengi í herberginu með fegurð sinni. En loksins tæmdist það, og þá var farið með það út í jurta-pottinum og látið fyrir aftan húsið. Um vorið saust ljósgrænir broddar koma út á því. Og var það stórt fagnaðarefni, ekki síst fyrir drenginn. Um haustið gróðursetti hann það í jörðinni. Og það óx og varð hátt og fallett fljótar en nokkurn varði. Því drengnum þótti vænna um það, og hann hugsaði meira um það, en skógarvörðurinn um allan skógin sinn.

Í þrjú ár var það nú búð að standa þarna fyrir aftan hús-